

Nefndsvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.12.2001
Tilv. 0.2

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 97/1990, mál 229, Heyrnar- og talmeinstöð


Vísað er til bréfs Alþingis frá 20. nóvember sl. með beiðni um umsögn um frumvarp um breytingu á heilbrigðislögum nr. 97/1990 um endurskipulagningu þjónustu við heyrnarlausu, heyrnarskerta og þá sem eru með talmeini.

Núverandi lög nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) eru sérlög um þjónustu við heyrnarlausu og heyrnarskerta o.fl. eins og þar er nánar skilgreint. Vart hefur orðið við gagnrýni á starfsemi stöðvarinnar og bið eftir þjónustu verið löng. Þjónusta við þennan hóp er mikilvæg og má ætla að þessi starfsemi hafi að einhverju leyti orðið afgangsstærð í því þjónustuneti sem íslensk heilbrigðisþjónusta veitir. Má eflaust ætla að hluti skýringarinnar sé úrelt sérlöggjöf sem fullnægir ekki þörfum nútímans. Það er álit Landspítala - háskólasjúkrahúss að tímabært sé að færa löggjöf um þessa þjónustu í nútímalegra horf og að eðlilegt sé að fella lagaákvæði um þjónustuna inn í meginefni laga um heilbrigðisþjónustu. Það er jafnframt álit LSH að með frumvarpinu sé þjónusta við þennan sjúklingahóp mun betur tryggð en áður, ásamt því að opnað er fyrir þann möguleika að aðrir en hið opinbera geti veitt þjónustu á þessum vettvangi. Þá telur LSH að ákvæði frumvarpsins um að skipað verði fagråd við starfsemina sé til bóta. Eins og fram kemur í athugasemdum hefur reynsla af núverandi stjórnarfyrrkomulagi ekki gefist sem skyldi. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum í stjórnun ríkisstofnana er sú einföldun sem gert er ráð fyrir í stjórnun stofnunarinnar til bóta.

Háls- nef og eyrnadeild LSH hefur átt ágæta samvinnu við HTÍ um málefni heyrnarlausra/skertra um langt skeið. Með frumvarpinu er starfsemi HTÍ markað skýrt verksvið og mun LSH leitast við að eiga gott samstarf við Heyrnar- og talmeinstöðina um bættu þjónustu við þennan sjúklingahóp.

Landspítali - háskólasjúkrahús mælir með framgangi þessa frumvarps.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri